

Nd.

241. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Frá 1. minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir haft þetta frv. til meðferðar, en ekki getað orðið á eitt mál sátt um afgreiðslu þess.

Tveir nefndarmennirnir (H. J. og H. Stef.) leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt, tveir nefndarmenn (S. E. og Ó. Th.) hafa eigi viljað taka afstöðu til þess, — og einn nefndarmaðurinn (Hj. V.) vill fella það.

Samkvæmt skýrslu fjármálaráðherrans um afkomu ársins 1927 hefir gengisviðaukinn numið nálægt $\frac{1}{2}$ milj. kr. það ár. Ekkert hefir komið fram, sem bendi til þess, að rýra megi tekjur ríkissjóðs; þvert á móti virðist þörf á að auka þær. Leggjum við því til við háttvirta deild, að hún samþykki frv.

Alþingi, 18. febr. 1928.

Halldór Stefánsson,
formaður.

Hannes Jónsson,
frsm.